

Sp.

127. Tillaga til þingsályktunar

[123. mál]

um framhaldsrannsóknir á ilmenitmagni í Húnavatnssýslum, eiginleikum þess og vinnsluhæfni.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram frekari rannsóknir á þeim ilmenitsvæðum sem þekkt eru í Húnavatnssýslum og leita nýrra svæða þar sem títanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.

Skal rannsóknin beinast að magni titans og annarra verðmætra efna í berginu og vinnsluhæfni þeirra.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal fylgja frumáætlun um arðsemi, vinnslu, mannaflaþörf, fjárfestingarkostnað, markaðshorfur svo og önnur atriði sem rannsóknaraðilar telja máli skipta.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Er hún því endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

„Vitað er um nokkra staði í Húnavatnssýslum þar sem ilmenit er að finna, en ilmenit er títansteind (TiFeO_3) sem er helsta títanhráefnið í heiminum sem unnið er nú.

Ilmenitið er unnið bæði úr bergi og sandi og er það aðallega í basísku djúpbergi (gabbrói).

Þeir staðir, sem nú eru þekktir í Húnavatnssýslum, þar sem ilmenit er að finna, eru Steinsvað í Víðidalsá, Urðarfell upp af Melrakkadal í Víðidal, Hólar og Skessusæti austan og norðan í Víðidalsfjalli, Deildarhjalli í Vatnsdalsfjalli og fleiri staðir. (Sjá fskj.)

Þær takmörkuðu rannsóknir, sem fram hafa farið á þessum stöðum, benda til þess að þar geti verið um mikið magn af basísku bergi að ræða, og hafa frumrannsóknir sýnt athyglisvert magn af títan, auk málmsteinda, í berginu.

Árið 1978 var gefin út könnunarskýrsla Iðnþróunarstofnunar Íslands og Orkustofnunar um íslenskt ilmenit.

Fram kemur í skýrslunni að þótt hlutfall titans og annarra verðmætra efna í íslensku ilmeniti sé e. t. v. lágt miðað við það sem best gerist erlendis, þá sé tekið til vinnslu berg með sífellt minna innihaldi verðmætra efna með hverju árinu sem líður, þar sem auðugustu námurnar eru nýttar fyrst og verið er að taka til vinnslu námur sem ekki þóttu vinnsluhæfar áður. Dæmi: kopargrýti 1942 1.1%, 1977 0,65%, 2000 (áætl.) 0,03%.

Þá virðast rannsóknir sýna að á Íslandi sé títanaudugt berg í allmiklum mæli á hverjum stað, einnig virðast kornastærð, aukaefni, harka bergsins o. fl., sem máli skiptir varðandi vinnsluhæfni, hagstætt íslenska ilmenitinu.

Með tilkomu nálægrar orkuvinnslu (Blönduvirkjunar), með tilliti til nálægðar tveggja þéttbýlisstaða, Hvammstanga og Blönduóss, og hafnarstöðu þar, svo og með tilliti til þéttbýlla sveita í næsta nágrenni virðast ýmis skilyrði vera fyrir hendi til framkvæmda og framleiðslu ef þær rannsóknir, sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að fram fari, leiða í ljós að hagkvæmt sé að hefja vinnslu titans og annarra verðmætra efna á þeim stöðum sem þingsályktunartillagan fjallar um.

Það er að sjálfsögðu ástæðulaust að benda sérstaklega á mismun þess að vinna dýrmæt hráefni til iðnaðarframleiðslu úr íslenskri jörð eða flytja hráefnið e. t. v. um hálfan hnöttinn hingað til vinnslu eins og gert er.

Þar sem nokkur vitneskja er þegar fyrir hendi um verðmæt efni í jörðu hér á landi, eins og að framan greinir, ber okkur að bæta við þá vitneskju með frekari rannsóknum, svo við vitum hvar við stöndum í þessum efnum, og vinna að verðmætasköpun með íslenskum höndum úr íslenskri jörð og með íslenskri orku, ef eða þegar hagkvæmt þykir. Það er með þessi grundvallaratriði í huga sem flm. flytja þessa þingsályktunartillögu og vonast til að hún njóti skilnings og fyrirgreiðslu Alþingis.“

Fylgiskjal.

